

Afla og veiðafæratrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli M-9

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER AFLA OG VEIÐAFÆRATRYGGING?

Afla- og veiðarfæratrygging tekur til bótaskyldra tjóna sem verða á afla og veiðarfærum skips sem ekki falla undir húftryggingu skipsins. Frýstar afurðir um borð í skipinu er jafnframt hægt að tryggja sérstaklega.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Algert tjón á afla og veiðarfærum ef þau farast með skipinu.
- ✓ Algert tjón og partstjón á afla og veiðarfærum ef skipið strandar, sekkur, því hvolfir eða lendir í árekstri.
- ✓ Tjón vegna bruna.
- ✓ Þátttöku í samtjóni, samtjónskostnaði og björgun.
- ✓ Tjón á frystum afurðum sem orsakast af sjóskaða, skyndilegum olífuleka, leka frystivökvans eða óviðráðanlegri bilun eða stöðvun frystivéla eða frystikerfis (valkvæð trygging).

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tjón vegna ófullnægjandi viðhalds, fúa, þreytu, tæringar, slits eða sambærilegra orsaka. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla skipsins.
- ✗ Tjón er stafar af því að skipið var óhaffært er það lét síðast úr höfn, var útbúið eða mannað á ófullnægjandi hátt, hafði ekki nauðsynleg skipsskjöl eða var ekki tryggilega hlaðið.
- ✗ Tjón sem rakið er til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða.
- ✗ Tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- ✗ Tjón á frystum afurðum vegna breytinga á hitastigi nema bilun eða stöðvun frystivéla vari í það minnsta samfellt í 24 klukkustundir (á einungis við ef frystitrygging er valin).

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Sé tiltekin eða ákveðin notkun eða starfsemi á hinu vátryggða skráð á skírteini, og notkun eða starfsemi breytist, ber vátryggðum eða þeim sem njóta réttar samkvæmt vátryggingunni að tilkynna félaginu um það án tafar.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Vörður er laus úr ábyrgð ef skipið fer suður fyrir 40° norðlægrar breiddar eða norður fyrir 70° norðlægrar breiddar á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.